

# 1 Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

## 1.1 Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

## 1.2 Skipting fjárfestinga á eignaflokka

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2-1. Um nánari skiptingu hlutabréfa má sjá í töflu 2-2. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Flokkar verðbréfa	Stefna	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0%-30%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	30%	20%-70%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10%	0%-20%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5%	0%-15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5%	0%-15%
Hlutabréf	32%	0%-55%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu	8%	0%-15%
Önnur verðbréf	10%	0%-20%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%-10%
Samtals:	100%	

Tafla 1-1: Flokkar verðbréfa

Hlutabréf	Markmið	Lágmark	Hámarg
	<b>32%</b>	<b>0%</b>	<b>55%</b>
Innlend hlutabréf	17%	0%	30%
Erlend hlutabréf	15%	0%	25%

Tafla 1-2: Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett fram til lengri tíma litið. Það getur því tekið nokkur ár að ná markmiðum um fjárfestingarstefnu í einstökum flokkum verðbréfa. Takmarkandi þættir, s.s. gjaldeyrishöft og skortur á framboði ákveðinna verðbréfa, geta tafið slíkt ferli.

## 1.3 Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Undir þennan lið falla sérhæfðar fjárfestingar en helstu tegundir þeirra eru:

Framtaksfjárfestingar (e. Private equity), vogunarsjóðir (e. Hedge funds), fasteignasjóðir (e. Real Estate Funds) og hrávörusjóðir (e. Commodities Funds).

Almennt eru þessir verðbréfaflokkar með litla fylgni við hlutabréf og skuldabréf og næst þannig betri áhættudreifing í heildareignasafni þar sem áhætta er minnkuð og vænt ávöxtun aukin. Sjóðurinn stefnir á að fjárfesta 8% af eignum í sérhæfðum fjárfestingum.

## 2 Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Fjárfestingarstefna séreignardeildar tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja. Eignir séreignardeildar skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. a. sömu laga. Samkvæmt eðli máls, geta rétthafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir ef þær eru inni í sjóðum sem eru sem slíkir auðseljanlegir.

Festa - Séreignardeild	Markmið	Vikmörk
<b>Skuldabréf</b>		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	40%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	7%	0-20%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	9%	0-20%
Önnur verðbréf	6%	0-20%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Innlán	1%	0-30%
<b>Samtals skuldabréf</b>	<b>63%</b>	<b>50-100%</b>
<b>Hlutabréf</b>		
- þ.a. erlend hlutabréf	25%	0-35%
- þ.a. innlend hlutabréf	12%	0-20%
<b>Samtals hlutabréf</b>	<b>37%</b>	<b>0-55%</b>
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	

Tafla 2-1: Fjárfestingarstefna séreignardeildar

### 2.1 Viðmið

Viðmið og takmarkanir eru þau sömu og fyrir samtryggingardeild utan eftirfarandi:

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf, 100% virk stýring
- Hlutabréf, innlend, 100% virk stýring
- Hlutabréf, erlend, 50-60% hlutlaus stýring (vísitölusjóðir), 40-50% virk stýring

Til lengir tíma er gert ráð fyrir að meðaltími skuldabréfa séreignardeildar sé nálægt 6 árum.

Samanlögð eign séreignardeildar má ekki vera meira en 30% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, eða nema meira en 30% í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.

Afleiðusamningar mega ekki vera meira en 10% af hreinni eign fjárfestingarleiðar.

Gert er ráð fyrir að 25-35% eigna sé í erlendri mynt en 65-75% í ISK. Erlend gjaldmiðlasamsetning tekur mið af heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI)